

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. febrúar 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-4/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á mótörhjólí af Y. X segir mótörhjólíð hafa verið gallað og krefst þess að fá greidda fjárhæð reiknings fyrir viðgerðinni, kr. 33.027. Kröfum sínum beinir hann gegn fyrirtækinu Z.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. janúar sl., var álitsbeiðandi beðinn um frekari upplýsingar. Barst hluti þeirra 21. janúar. Kæruneftndin gaf Z kost á andsvörum með bréfi, dags. 22. janúar, og frest til að skila þeim til 3. febrúar. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 12. febrúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa í júní árið 2007 gert samning við X um kaup á mótörhjólí af tegundinni A árgerð 2007. Skráningardagur hjólsins sé 11. júní 2007 og númer B. Samkvæmt upplýsingum Umferðarstofu sé Z innflytjandi hjólsins og skráð sé að fyrirtækið hafi umboð fyrir mótörhjól af þessari gerð. Z hafi verið stofnað af Y og E í apríl 2006.

Komið hafi í ljós í október 2008 að olía hafi lekið í gegnum vatnsdæluna á mótörhjólínu. Hann hafi þá strax snúið sér til Z vegna ábyrgðar á viðgerð á hjólínu og spurt að því hvernig hann bæri sig að því en hjólíð væri enn í ábyrgð. Sér hafi verið sagt að fara með hjólíð á verkstæðið F.

Eftir tvær vikur hafi hann haft samband við verkstæðið þar sem hann hefði hvorki heyrt frá því né Z. Verkstæðismenn hafi sagt sér að haft hefði verið samband við Z og hefðu þeir ekki viljað kannast við ábyrgð á mótörhjólínu en viðgerðinni hafi nánast verið lokið. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa haft samband við Z og óskað eftir skýringum á því hvers vegna þeir teldu sig ekki bera ábyrgð á mótörhjólí sem væri flutt inn af þeim. Y hefði sagt að hann hefði selt mótörhjólíð persónulega og því bæri Z enga ábyrgð á því og ætlaði ekki að greiða viðgerðarkostnaðinn. Y hefði ekki viljað kannast við að Z hefði flutt hjólíð inn heldur hann sem einstaklingur.

Álitsbeiðninni fylgdi reikningur fyrir viðgerð á mótörhjólínu, dags. 25. nóvember 2008, að fjárhæð kr. 33.027. Þá fylgdi álitsbeiðninni útprentun af ferilskýrslu mótörhjólsins. Þar kemur fram að fyrsta skráning og nýskráning sé 11. júní 2007 og eigandi þá sagður vera Z. Y er skráður næsti eigandi 22. júní 2007.

Í bréfi álitsbeiðanda frá 21. janúar 2009 segist hann byggja kröfu sína gegn Z á 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup sem fyrri söluaðila mótörhjólsins.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Eins og málið liggur fyrir kærunefndinni telur hún leitt í ljós að á mótorhjólínu kom fram galli í skilningi 15. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 16. gr. sömu laga. Út af þeim galla kvartaði álitsbeiðandi í tæka tíð, sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Álitsbeiðandi hefur krafist úrbóta á gallanum með þeim hætti að Z greiði viðgerð á hjólinu sem þegar hefur farið fram. Kærunefndin álítur að hann eigi rétt á því að seljandi kosti þessar úrbætur, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

Það er ljóst af gögnum málsins að mótorhjólið er flutt inn nýtt af Z og verður því að skoða það fyrirtæki sem fyrsta eiganda þess. Álitsbeiðandi keypti mótorhjólið af Y sem er skráður næsti eigandi. Í 1. gr. 35. gr. laga nr. 48/2003 segir eftirfarandi:

„Neytandi getur borið gallakröfu sína á hendur seljanda gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum þeim sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila.“

Kærunefndin álítur að álitsbeiðandi geti á grundvelli ofangreindrar lagagreinar valið hvort hann beinir kröfu sinni að Y eða á hendur fyrri söluaðila, Z, enda getur Y, seljandi mótorhjólsins, haft uppi sams konar kröfu vegna gallans á hendur fyrri söluaðila, Z. Álitsbeiðanda var þannig heimilt að beina kröfu sinni að Z og samkvæmt því sem að framan segir ber að taka hana til greina.

VIII

Álitsorð

Z greiði álitsbeiðanda, X, kr. 33.027.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

